

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2021, föstudaginn 27. ágúst kl. 09:00, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 834. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Lilja Grétarsdóttir, Ólafur Melsted, Helena Stefánsdóttir og Ólöf Sara Gregory.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Hildur Gunnarsdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Magnús Jónsson, Sigríður Lára Gunnarsdóttir og Björn Ingi Edvardsson.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

- Hraunbær 143, Breyting á innraskipulagi í kjallara (tengist BN058735)** (43.412.01) Mál nr. BN059583
Skjalnr. 14316
Húsvirki ehf., Síðumúla 30, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN058735, þannig að í stað sorpgeymslu í kjallara matshluta 03, verður komið fyrir opnu sorpgerði ofan jarðar á milli mhl.03 og mhl.01 og sérgæmslur íbúða stækkaðar og skráningartafla uppfærð til samræmis fyrir íbúðarhús, mhl.03, á lóð nr. 143 við Hraunbæ.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á óstimpluðum teikningum Grímu arkitekta ehf., dags. 18. janúar 2021. Gjald kr. 12.100
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
- Langagerði 96, Viðbygging - kvistir** (18.330.07) Mál nr. BN059759
Skjalnr. 14452
Hjördís Elva Valdimarsdóttir, Langagerði 96, 108 Reykjavík
Atli Már Ágústsson, Langagerði 96, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu á suðvesturhorn og þrjá nýja kvisti ásamt því að endurbyggja og stækka kvist sem fyrir er á einbýlishúsi á lóð nr. 96 við Langagerði.
Erindi fylgir afrit af umsögn skipulagsfulltrúa um fyrirspurn sama efnis dags. 12. mars 2021. Stækkun: ferm., rúmm. Eftir stækkun: Gjald kr. 12.100
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
- Blönduhlíð 9, (fsp) kvistir** Mál nr. SN210577
Skjalnr. 12420
Harpa Heimisdóttir, Blönduhlíð 3, 105 Reykjavík
Guðrún Björg Ragnarsdóttir, Blönduhlíð 9, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. ágúst 2021 var lögð fram fyrirspurn Hörpu Heimisdóttur dags. 13. ágúst 2021 um að setja tvo kvisti á húsið á lóð nr. 9 við Blönduhlíð, samkvæmt tillögu ódags. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2021 samþykkt.

4. **Brautarholt 32, breyting á deiliskipulagi** (01.250.1) Mál nr. SN210558
Skjalnr. 14267
Kristinn Ragnarsson, Skaftahlíð 27, 105 Reykjavík
Hekla hf., Pósthólf 5310, 125 Reykjavík
Lögð fram umsókn Kristins Ragnarssonar dags. 3. ágúst 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skipholtsreits vegna lóðarinnar nr. 32 við Brautarholt. Í breytingunni felst breyting á bílastæðafjölda, hækkun á vegghæð sem snýr að Brautarholti og hækkun á nýtingarhlutfalli, samkvæmt uppdr. KRark dags. 3. ágúst 2021.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.
5. **Haðaland 26, Fossvogsskóli, breyting á deiliskipulagi** (01.863.9) Mál nr. SN210527
Skjalnr. 6308
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Umhverfis- og skipulagssviðs dags. 15. júlí 2021, varðandi breytingu á deiliskipulagi Fossvogsskóla vegna lóðarinnar nr. 26 við Haðaland. Í breytingunni felst að gera nýjan byggingarreit fyrir tímabundnar kennslustofur, samkvæmt uppdr. Landmótunar dags. 15. júlí 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 27. júlí 2021 til 25. ágúst 2021. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
6. **Skipholt 1, Fjölþýlishús** (01.241.206) Mál nr. BN059412
Skjalnr. 13462
Skiptholt ehf., Starhaga 4, 107 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN051113 þannig að innréttaðar verða 34 íbúðir í stað hótels, byggðar svalir á götuhlíð og svalagangur á garðhlið, ofanábygging að Stórholti er felld út og í staðinn gerðar sameiginlegar þaksvallir og garður á baklóð við hús á lóð nr. 1 við Skipholt.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 25. maí 2021, greinargerð Lotu vegna burðarvirkis ódagsett ásamt því að lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. mars 2021.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. júlí 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júlí 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 19. júlí 2021. Stækkun/minnkun frá eldra erindi: xx ferm. Eftir stækkun/minnkun, A-rými: 3.501 ferm., 10.479,8 rúmm. B-rými: 375,5 ferm.
Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
7. **Þverholt 18, Uppbygging** Mál nr. SN210428
Skjalnr.
Lárus Kristinn Ragnarsson, Bröndukvísl 6, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. ágúst 2021 var lagt fram bréf Lárusar Ragnarssonar dags. 7. júní 2021 um að útbúa 30 litlar og meðalstórar íbúðir á lóð nr. 18 við Þverholt. Einnig eru lagðir fram uppdr. Ártúns ehf. dags. 22. mars 2021, br. 14. júní 21 og tillaga Ártúns ehf. dags. 28. apríl 2021 um að bæta við hæð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. júlí 2021. Erindi er nú lagt fram að nýju ásamt breyttum uppdr. Ártúns ehf. dags. 9. og 24. ágúst 2021 sem m.a. miða að því að gera 25 íbúðir í húsinu og breyta þakformi. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021 samþykkt.

8. **Jöfursbás 9, Fjölbýlishús** (22.206.01) Mál nr. BN059396
Skjalnr. 14406
Hverfið Gufunes ehf., Skipholti 50d, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða fjölbýlishús með risi, að hluta steinsteypt og að hluta úr forsmíðuðum einingum, einangrað að utan og klætt báruðu og sléttu áli, með 14 íbúðum ásamt hjólaskýli sem verða mhl. 01 og mhl. 02 og verður fyrsti áfangi bygginga á lóð nr. 9 við Jöfursbás.
Erindi fylgir hljóðvistargreinargerð frá Mannvit dags. 18. maí 2021 og greinargerð um brunavarnir frá Mannvit dags. 18. maí 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. júní 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 18. júní 2021. Stærð, mhl. 01, A-rými: 1.080,4 ferm., 3.466,8 rúmm. B-rými: 91,3 ferm. Samtals: 1.060,8 ferm. Mhl. 02, A-rými: 22,9 ferm., 80,2 rúmm. Gjald kr. 12.100
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
9. **Kjalarnes, Esjumelar-Varmidalur,** (34.2) Mál nr. SN210468
breyting á deiliskipulagi Skjalnr. 10184
Íslenska gámafélagið ehf., Koparsléttu 22, 162
ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Kristjáns Ásgeirssonar dags. 22. júní 2021 ásamt bréfi dags. 22. júní 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis Esjumela á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að skilgreindar eru manir við norðurenda svæðisins til þess að minnka vindálag á aðliggjandi lóðum, settjörn við norðausturenda Kalksléttu er felld út og ný sett í staðinn norðvestan við Gullsléttu 16, lóðirnar Koparsléttu 22 og Kalksléttu 1 eru sameinaðar í eina lóð og dreifistöðvar Veitna við Norðurgrafarveg 4A og 6A eru felldar út, samkvæmt uppdr. Landmótunar dags. 9. júní 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 21. júlí 2021 til og með 20. ágúst 2021. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
10. **Koparsléttu 22, fyrirspurn um skipulag** (34.533.101) Mál nr. SN210574
Skjalnr. 14512
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. ágúst 2021 var lagt fram erindi Umhverfisstofnunar dags. 11. ágúst 2021 þar sem óskað er eftir upplýsingum um hvort starfsemi að Koparsléttu 22, móttaka spilliefna, samræmist gildandi skipulagi. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021 samþykkt.
11. **Skarðsvegur 7, (fsp) sumarhús og** (00.320) Mál nr. SN210560
tómstundahús Skjalnr. 14527
Anna Katrín Þorvaldsdóttir, Lynghagi 18, 107 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. ágúst 2021 var lögð fram fyrirspurn Önnu Katrínar Þorvaldsdóttur, dags. 5. ágúst 2021, ásamt tölvupósti, dags. 10. ágúst 2021, um að koma fyrir 75 fm sumarhúsi og 35 fm tómstundahúsi á lóð nr. 7 við Skarðsveg. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021.

12. **Stardalur/Skálafell, afmörkun lóðar** (35.3) Mál nr. SN210595
Skjalnr. 10250
Lagt fram bréf landupplýsingadeildar dags. 18. ágúst 2021 þar sem óskað er eftir samþykki skipulagsfulltrúa að afmörkuð sé lóð utan um fjarskiptastöðina á Skálafelli á Mosfellsheiði, lóðin er í landi Stardals. Einnig er lagt fram samþykki landeiganda dags. 18. ágúst, lóðauppdráttur dags. 19. ágúst 2021 og yfirlitsmynd, samningur og hnitaskrá dags. 22. mars 2021.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
13. **Bárugata 15, Stækka svalir 3.hæð - gluggi** (11.363.01) Mál nr. BN059701
2.hæð o.fl. Skjalnr. 14533
Hörður Ólafsson, Bárugata 15, 101 Reykjavík
Jórunn Ósk Frímansd Jensen, Bárugata 15, 101 Reykjavík
Lára Magnúsardóttir, Bárugata 15, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. ágúst 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að stækka svalir á 3. hæð, bæta við glugga á austurhlíð 2. hæðar, og minnka stigahús til að stækka íbúð 0201 auk ýmissa smávægilegra áður gerðra breytinga á innra skipulagi í íbúðarhúsi, og sameina í einn alla matshluta á lóð nr. 15 við Bárugötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 18. júlí 2021, bréf frá hönnuði dags. 3. ágúst 2021 og yfirlit breytinga. Gjald kr. 12.100
Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Bárugötu 13 og Öldugötu 12 og 14.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.
14. **Melgerði 9, (fsp) sólskáli** (01.815.3) Mál nr. SN210426
Skjalnr. 13331
Georg Bergþór Friðriksson, Melgerði 9, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. ágúst 2021 var lögð fram fyrirspurn Georgs Bergs Friðrikssonar, dags. 17. maí 2021, um að setja sólskála við austurhlíð hússins á lóð nr. 9 við Melgerði, samkvæmt skissum á samþykktar byggingarnefndarteikningar Ágústs Þórðarsonar, dags. júlí 1988. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021 .
Ekki er gerð athugasemd við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021. Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt berist hún.
15. **Skeljanes 2, (fsp) viðbygging og bílaeymsla** (01.675.1) Mál nr. SN210539
Skjalnr. 5768
Jón Magnús Halldórsson, Blómvellir 16, 221 Hafnarfjörður
Tanja Sif Hansen, Skeljanes 2, 102
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. júlí 2021 var lögð fram fyrirspurn Jóns Magnúsar Halldórssonar, dags. 20. júlí 2021, um stækkun hússins á lóð nr. 2 við Skeljanes sem felst í því að gera bílgeymslu og forstofu með þaksvölum og tröppum niður í garð, samkvæmt uppdr./fyrirspurnarteikningum K.J.ARK slf. dags. 20 júlí 2021. Einnig er óskað eftir niðurrífi á stakstæðri bílgeymslu á lóð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2021. Lagt fram að nýju ásamt lagfærðri umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021.
Lagfærð umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021 samþykkt,

16. **Skipholt 44, Hækka þak - rishæð** (12.530.08) Mál nr. BN059699
Skjalnr. 13888
Marcos Zotes, Skipholt 44, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. ágúst 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að stækka íbúð á 2. hæð með því að hækka þak og koma fyrir herbergjum, salerni og svölum í risi húss á lóð nr. 44 við Skipholt, samkvæmt uppdr. Basalt arkitekta ehf. dags. 21. júlí 2021. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021.
Samþykki eiganda íbúðar dags. 23.júlí 2021 fylgir. Stækkun : XX ferm., XX rúmm
Gjald kr. 12.100
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021.
17. **Skipholt 50, Ris - hæð stækkuð - þakgluggar** (12.530.11) Mál nr. BN059714
Skjalnr. 14529
Marcos Zotes, Skipholt 44, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. ágúst 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að stækka íbúð á 2. hæð með því að hækka þak og koma fyrir herbergjum, salerni og svölum í risi húss á lóð nr. 50 við Skipholt, samkvæmt uppdr. Basalt arkitekta ehf. dags. 21. júlí 2021. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021.
Erindi fylgir samþykki eiganda íbúðar dags. 23.júlí 2021. Stækkun : XX ferm., XX rúmm. Gjald kr. 12.100
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021.
18. **Grandavegur 38, Kvistar á bakhlið.** (15.203.08) Mál nr. BN059629
Skjalnr. 10327
Auður Sigríður Kristinsdóttir, Grandavegur 38, 107 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. ágúst 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að setja tvo kvisti á norðaustur hluta þaks á húsi á lóð nr. 38 við Grandaveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021.
Umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 22. júlí 2021 fylgir erindi. Stækkun er: xx,x ferm., xx,x rúmm. Gjald kr.12.100
Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021, Samræmist ekki deiliskipulagi.
19. **Sifjarbrunnur 7, Einbýlishús með aukaíbúð** (50.552.04) Mál nr. BN059751
Skjalnr. 14385
Sveinn Óskar Þorsteinsson, Brúnastaðir 59, 112 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. ágúst 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða fjöleignahús með innbyggðum bílskúr úr forsteyptum samlokueiningum á lóð nr. 7 við Sifjarbrunn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021.
Stærð er: 301,6 ferm., 1.116,1 rúmm. Gjald kr.12.100
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021.

20. **Baldursgata 24A, Reyndarteikningar** (11.862.09) Mál nr. BN059013
Skjalnr. 8243
Guðrún Margrét Jóhannesdóttir, Stigahlíð 61, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. júní 2021 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að stærðir hafa verið uppfærðar, kalt þak hefur verið byggt ofan eldra þak bakhúss, mhl. 01, og því breytt í íbúðarrými, einnig hefur aðalinngangur verið færður til, stiga í forhúsi og innra skipulagi breytt í íbúðarhúsi, mhl. 02, á lóð nr. 24A við Baldursgötu. Erindi var grenndarkynnt frá 15. júlí 2021 til og með 16. ágúst 2021. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lagður fram tölvupóstur Guðlaugar Teitsdóttur dags. 16. júlí 2021 þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við erindið. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. apríl 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. apríl 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 19. apríl 2021. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 8. maí 2021 og húsaskoðun Byggingarfulltrúa dags. 6. maí 2021 og bréf frá hönnuði dags. 15. mars 2021. Stækkun: Mhl. 01, íbúðarhús: 7.9 ferm., 12.1 rúmm. Mhl. 02, bakhús: 13.9 ferm., 42.1 rúmm. Gjald kr. 12.100
Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.
21. **Freyjugata 25C, breyting á deiliskipulagi** (01.186.3) Mál nr. SN210339
Skjalnr. 5766
Teiknistofan Tröð ehf., Hávallagötu 21, 101 Reykjavík
Lögð fram erindi umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Baldursgötureits vegna lóðarinnar nr. 25C við Freyjugötu. Í breytingunni felst leiðrétting lóðarmarka á deiliskipulagsuppdrætti og stærða lóða í stærðartöflu, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Traðar dags. 12. ágúst 2021.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
22. **Suðurlandsbraut 16, breyting á deiliskipulagi** (01.263.1) Mál nr. SN200774
Skjalnr. 5524
Einar V Tryggvason, Miðdalur, 271 Mosfellsbær
Glitur ehf., Suðurlandsbraut 16, 108 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Einars V. Tryggvasonar dags. 15. desember 2020 ásamt bréfi dags. 12. desember 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Ármúla, Vegmúla og Hallarmúla vegna lóðarinnar nr. 16 við Suðurlandsbraut. Í breytingunni felst stækkun hússins ásamt því að setja skyggni yfir inngang á þriðju hæð og útstiga upp á þriðju hæð, samkvæmt uppdr. Einars V. Tryggvasonar dags. 28. október 2020. Einnig er lögð fram yfirlýsing/samþykki Veitna ehf. vegna spennistöðvar 518 að Vegmúla 4, ódags. Tillagan var grenndarkynnt frá 21. júlí 2021 til og með 20. ágúst 2021. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
23. **Vatnsstígur 4, Fjölbýlishús** (11.721.19) Mál nr. BN059362
Skjalnr. 12503
Leiguíbúðir ehf., Pósthólf 8814, 128 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. ágúst 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. júlí 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja fjögurra hæða fjölbýlishús úr forsteyptum einingum með 13 íbúðum, atvinnurýmum á jarðhæð og kjallara með geymslum og bílastæðum fyrir níu bíla á lóð nr. 4 við Vatnsstíg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt tölvupósti embættis byggingarfulltrúa dags. 23. ágúst 2021 þar sem umsagnarbeiðni er dregin til baka

Erindi fylgir umboð til hönnuðar dags. 28. janúar 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. júlí 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. júlí 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 23. júlí 2021. Stærð, A-rými: 2.118,2 ferm., 6.435 rúmm. B-rými: xx ferm. Gjald kr. 12.100

Umsagnarbeiðni dregin til baka sbr. tölvupóst byggingarfulltrúa 23. ágúst 2021.

24. **Garðastræti 36, Svalir, tröppur og innra skipulag.** (11.610.10) Mál nr. BN059420
Skjalnr. 14492
Gunnar Steinn Gunnarsson, Garðastræti 36, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. júní 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. júní 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, setja svalir með tröppum niður í garð á suðurhlíð og útitröppur fjarlægðar á vesturhlíð einbýlishúss á lóð nr. 36 við Garðastræti. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 25. ágúst 2021, umsögn Minjastofnunnar dags. 26. ágúst 2021 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021.
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 25. maí 2021, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 20. maí 2021 og yfirlit breytinga. Gjald kr. 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021 samþykkt.
25. **Hverfisgata 98A, 100 og 100A, (fsp)** (01.174.1) Mál nr. SN210531
Skjalnr. 5238
Helgi Mar Hallgrímsson, Laugavegur 46, 105 Reykjavík
Mannverk ehf., Dugguvogi 2, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. júlí 2021 var lögð inn fyrirspurn Helga Mar Hallgrímssonar f.h. Mannverks ehf., dags. 16. júlí 2021, um að sameina lóðir nr. 98A, nr. 100 og nr. 100A við Hverfisgötu. Lögð fram tillaga Arkþing/nordic dags. 16. júlí 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021..
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021.
26. **Lambhagavegur 10, (fsp) minnka og færsla á byggingarreit og hækkun húss** (02.641.104) Mál nr. SN210510
Skjalnr. 14514
Sigurður Hallgrímsson, Stórákur 7, 210 Garðabær
Íslenska fjallatrúkkafélagi ehf, Stigahlíð 91, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Sigurðar Hallgrímssonar f.h. Íslenska fjallatrúkkafélagsins ehf dags. 7. júlí 2021 um að minnka og færa byggingarreit lóðarinnar nr. 10 við Lambhagaveg og hækka húsið úr 8 metrum í 11 metra, samkvæmt uppd. Arkþing-Nordic dags. 7. júlí 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
27. **Sölvhólgata 4, (fsp) utanálggjandi flóttaleiðir** (01.151.1) Mál nr. SN210282
Skjalnr. 14450
Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. apríl 2021 var lögð fram fyrirspurn Yrki arkitekt ehf. f.h. Framkvæmdasýslu ríkisins dags. 13. apríl 2021 ásamt bréfi dags. 13. apríl 2021 um nýjar utanálggjandi flóttaleiðir að Sölvhólgötu 4. Sem felst í að seta flóttastiga utan á húsið á tveimur stöðum, við vesturgafli hússins og aftast á austurhlíð þess. Einnig er lagt fram bréf Yrki arkitekta ehf. dags. 20. apríl 2021 þar sem spurt er um aðra útfærslu á vesturgafli hússins, í stað flóttastiga á suðurhorni vesturgafils er útbúin stigi á norðurhorninu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 5. júlí 2021, Minjastofnunar Íslands dags. 5. júlí 2021 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021 samþykkt.

28. **Ægisíða 62, breyting á deiliskipulagi** (01.545.2) Mál nr. SN210597
Skjalnr. 13079
Alternance slf., Vesturgötu 51a, 101 Reykjavík
Gunnar Tryggvason, Ægisíða 62, 107 Reykjavík
Lögð fram umsókn Alternance slf. dags. 1. júlí 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Ægisíðu frá Hofsvallagötu að Lynghaga vegna lóðarinnar nr. 62 við Ægisíðu. Í breytingunni felst breyting á byggingarreit lóðarinnar sem felst í að byggingarreit er skipt niður þannig að aðalreitur verður í kringum núverandi byggingu og minni reitur fyrir garðskála, samkvæmt uppdr. Alternance slf. dags. 28. maí 2021.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020
29. **Bauganes 15, (fsp) stækkun húss** (01.672.1) Mál nr. SN210455
Skjalnr. 6607
Kristinn Darri Arinbjargarson, Bauganes 15, 102
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. ágúst 2021 var lögð fram fyrirspurn Kristins Darra Arinbjargarsonar og Dagrúnar Davíðsdóttur dags. 22. júní 2021 um stækkun hússins á lóð nr. 15 við Bauganes, samkvæmt meðfylgjandi skissu á yfirlitsmynd. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 27. ágúst 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021 samþykkt.
30. **Dugguvogur 23, (fsp) breyting á notkun** (01.454) Mál nr. SN210568
Skjalnr. 6928
Narfi Þorsteinsson, Njálsgata 19, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. ágúst 2021 var lögð fram fyrirspurn Narfa Þorsteinssonar dags. 11. ágúst 2021 um breytingu á notkun á rými í húsinu á lóð nr. 23 við Dugguvog úr skrifstofu í íbúð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 27. ágúst 2021.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021.
31. **Dugguvogur 42, Dugguvogur 2 - Matvælaframleiðsla - bruggun áfengis** (14.520.01) Mál nr. BN059750
Skjalnr. 14539
Óskar Freyr Ericsson, Hjálmholt 4, 105 Reykjavík
Brunnur Distillery ehf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. ágúst 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi til framleiðslu áfengis í húsi á lóð nr. 42 við Dugguvog. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021.
Erindi fylgir samþykki aðila mótttekið þann 11. ágúst 2021. Gjald kr. 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021 samþykkt.
32. **Laugavegur 32, (fsp) fjölgun íbúða** (01.172.2) Mál nr. SN210503
Skjalnr. 12132
ET fasteignir ehf., Valshlíð 2, 102
Einar Örn Einarsson, Valshlíð 2, 102
Lögð fram fyrirspurn Einars Arnar Einarssonar f.h. ET fasteigna ehf dags. 2. júní 2021 um fjölgun íbúða í húsinu á lóð nr. 32 við Laugaveg sem felst í að gera tvær íbúðir í mhl. 02 0201, samkvæmt tillögu ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

33. **Reynimelur 43, (fsp) stækkun bílskúrs** (01.540.2) Mál nr. SN210512
Skjalnr. 14515
Elizabeth Bik Yee Lay, Reynimelur 43, 107 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Elizabeth Lay dags. 2. júlí 2021 um stækkun bílskúrs á lóð nr. 43 við Reynimel. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021 samþykkt.
34. **Fossagata 6, (fsp) stækkun húss** (01.636.7) Mál nr. SN210451
Skjalnr. 12637
Trípólí ehf., Klapparstíg 16, 101 Reykjavík
Hrefna Rósa Jóhannsd. Sætran, Fossagata 6, 102
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. ágúst 2021 var lögð fram fyrirspurn Jóns Davíðs Ásgeirssonar, dags. 16. júní 2021, um stækkun hússins á lóð nr. 6 við Fossagötu sem felst í byggingu einnar hæðar viðbyggingu við húsið, samkvæmt tillögu Trípólí ehf. dags. 26. maí 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2021.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2021.
35. **Laugavegur 28D, Endurbætur inni, svalir, kvistur** (11.722.09) Mál nr. BN059729
Skjalnr. 13644
Dómus ehf, Smyrlahrauni 1, 220 Hafnarfjörður
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að setja kvisti á báðar þekjur þaks, og stál svalir á hverja hæð til suðurs, auka lofthæð kjallara auk þess sem endurbyggja á og betrumbæta innviði í tengslum við viðhald í íbúðarhúsi á lóð nr. 28D við Laugaveg.
Stækkun: xx. x ferm., x.xx rúmm. Erindi fylgir ódagsett minnisblað hönnuðar ásamt gamalli teikningu. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
36. **Njálsgata 77, Svalir - 1. 2. og 3ju hæð** (11.910.20) Mál nr. BN059743
Skjalnr. 14540
Njálsgata 77, húsfélag, Njálsgötu 77, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. ágúst 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir svölum á 1. 2. og 3. hæð fjölbýlishúss á lóð nr. 77 við Njálsgötu. Erindinu vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 26. ágúst 2021.
Gjald kr. 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. ágúst 2021 samþykkt.
37. **Selvogsgrunn 24, (fsp) herbergi í bílskúr** (01.350.606) Mál nr. SN210549
Skjalnr. 14524
Jóhanna Björk Halldórsdóttir, Selvogsgrunn 24, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. ágúst 2021 var lögð fram fyrirspurn Jóhönnu Bjarkar Halldórsdóttur, dags. 14. júlí 2021, um að gera herbergi í gryfju sem er í bílskúr á lóð nr. 24 við Selvogsgrunn. Einnig eru lagðir uppdr. ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2021.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2021.

38. **Sigtún 44, Viðbygging** (13.66-.98) Mál nr. BN059766
Skjalnr. 14543
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að gera viðbyggingu á milli tengibyggingar og kúlu í Ásmundarsafni fyrir pallalyftu, á lóð nr. 44 við Sigtún.
Erindi fylgir tölvupóstur frá Minjastofnun Íslands dags. 24. ágúst 2021.
Stækkun vegna viðbyggingar er: 8,00 ferm., 32,3 rúmm. Gjald kr. 12.100
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
39. **Akurgerði 8, Bílskúr** (18.120.04) Mál nr. BN059523
Skjalnr.
Guðrún Högnadóttir, Akurgerði 8, 108 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. júlí 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að stækka íbúðarhús, mhl.01, og byggja bílskúr, mhl.02, á lóð nr. 8 við Akurgerði. Erindi var grenndarkynnt frá 23. ágúst 2021 til og með 20. september 2021, en þar sem samþykki hagsmunaaðila barst þann 27. ágúst 2021 er erindi nú lagt fram að nýju.
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. júlí 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. júlí 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 23. júlí 2021. Stækkun: Mhl.01: 7.5 ferm., x.xx rúmm. Mhl.02: 36.2 ferm., x.xx rúmm. Eftir stækkun, samtals: 213,4 ferm., xx rúmm. Gjald kr. 12.100
Samþykkt með vísan til 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og með vísan til heimilda í a. lið 2. gr. í viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr. 1020/2019. Vísad til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:10.

Lilja Grétarsdóttir

Ólafur Melsted

Helena Stefánsdóttir

Ólöf Sara Gregory